

Miðvikudaginn 11. apríl 1990.

Nr. 420/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Sverri Guðlaugssyni**

(Árni Halldórsson hrl.).

Fiskveiðibrot.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1989 að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á upptöku afla og veiðarfæra.

Af hálfu ákærða er krafist ómerkingar hins áfrýjaða dóms og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Verði ekki fallist á þá kröfu, er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins. Til vara er þess krafist, að refsing ákærða verði ákveðin í lágmarki og að kröfu um eignaupptöku verði vísað frá héraðsdómi nema að því, er tekur til aflahlutar ákærða.

#### I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný skjöl. Þar á meðal er bréf skipherranna Þrastar Sigtryggssonar og Ómars Arnar Karlssonar til ríkissaksóknara 27. mars 1990 varðandi lórantæki um borð í flugvélinni TF-SYN. Segir þar svo:

„C-lórantæki af gerðinni ONI-7000 voru sett í TF-SYN í september 1984. Í þeim er innbyggð tölva, er breytir sjálfkrafa lórantölum í breidd og lengd, þegar tækið er stillt á „Auto“.

Þannig voru lórantækin stillt við athuganir kl. 12.38, 12.50, 13.06 og 13.45 4. júlí 1988.“

Þá hafa verið lögð fram vinnubókarblöð skipherra á TF-SYN,

Ómars Arnar Karlssonar, frá 4. júlí 1988 ásamt skýringum skipherrans. Er þar m.a. getið tveggja mælinga á stað togskipsins Eyvindar vopna, NS 70, sem ekki var getið í kæruskýrslu, og voru þær mælingar gerðar kl. 12.52 og 13.00.

Framangreindir skipherrar komu báðir fyrir dóm 30. mars sl. og staðfestu þessi skjöl. Pröstur Sigtryggsson skipherra kvað umrædd lórantæki albestu tæki, sem sett hefðu verið um borð í gæsluflugvél, og mundi ekki til þess, að skekkja hefði farið yfir 0,2 sjómílar. Kvað vitnið truflana gæta á sunnan- og vestanverðu landinu, meðal annars vegna sterkrar sendistöðvar í Grindavík. Einnig sé vitað um fastar skekkjur á nokkrum stöðum á landinu, en skilyrði fyrir norðan og austan séu mjög góð. Vitnið kvað nákvæmni umrædds tækis hina sömu, hvort sem lesið væri af í lórantölum eða í lengd og breidd.

Ómar Örn Karlsson skipherra var spurður að því, hvers vegna ekki væri getið staðarákvarðana í kæru, sem kæmu fram á vinnublöðum. Kvað hann í flestum tilvikum gerðar fleiri mælingar en getið væri í skýrslum.

Ríkissaksóknari óskaði þess við Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, að hann færi yfir ofangreind gögn og athugaði, hvort þau breyttu fyrri niðurstöðum hans varðandi mál þetta, sem gerð er grein fyrir í héraðsdómi. Segir svo í bréfi skólastjórans til ríkissaksóknara 2. apríl sl.:

„Niðurstaða þessara athugana er sú, að ég tel þær styrkja fyrri ályktanir mínar, að staðarákvarðanir TF-SYN séu réttar og togskipið „Eyvindur vopni“ NS 70, hafi óbyggjandi verið innan skyndilokunarsvæðis Hafrannsóknastofnunar nr. 59, dags. 4. júlí 1988, þegar TF-SYN gerði staðarákvarðanir sínar kl. 12.38, 12.50 og 13.06 hinn 4. júlí 1988....

Ég hefi borið saman staðarákvarðanir í flugskýrslu ..., dagbók TF-SYN ... og aflestrartölur lórantækja gæsluflugvélarinnar (I og II, frammí og aftur í) ... sem voru ritaðar beint á vinnubókarblöð skipherrans h. 4. júlí 1988, bæði varðandi þessar 3 staðarákvarðanir kl. 12.38, 12.50 og 13.06 og enn fremur prófun lórantækja yfir Hvalbak frá kl. 13.26 til 13.54 s.d., en þar voru gerðar fjórar athuganir til samanburðar á staðarákvörðun tækjanna (I og II) í breidd og lengd og fimm á aflestri í breidd.

Munur á aflestri lórantækjanna er svo óverulegur að þeim telst bera saman og er alls ekki greinanlegur við útsetningu í sjókort. Eins og áður er tekið fram í álitserð h. 23. febrúar 1989 vitnar þetta um að lóraninn hefur verið stöðugur.“

## II.

Ómerkingar- og heimvísunarkrafa verjanda ákærða er byggð á því, að meðdómandi sá, er dæmdi mál þetta í héraði með bæjarfógetanum á Seyðisfirði, hafi tekið þátt í meðferð þess fyrir útgáfu ákæru, þ.e. við dómsrannsókn 5. júlí 1988.

Frumrannsókn máls þessa var í höndum Landhelgisgæslu Íslands, og voru kærugögn unnin af starfsmönnum hennar. Venju samkvæmt var kæra landhelgisgæslunnar tekin til rannsóknar í saka-dómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, þar sem skipherra og aðrir yfirmenn á gæsluflugvélinni TF-SYN voru yfirheyrðir svo og ákærði og stýrimaður togskipisins Eyvindar vopna. Jón Pálsson skipstjóri gegndi störfum meðdómanda við þá dómsrannsókn. Ekki verður á það fallist með verjanda ákærða, að þetta valdi vanhæfi meðdómandans til að taka þátt í dómsmeðferð málsins eftir útgáfu ákæru. Er því ómerkingar- og heimvísunarkröfu verjanda hafnað.

## III.

Samkvæmt niðurstöðum Guðjóns Ármanns Eyjólfsssonar skólastjóra sýndu allar staðarákvarðanir gæsluflugvélarinnar TF-SYN á skipi ákærða hinn 4. júlí 1988, að það hefði verið innan marka skyndilokunarsvæðis Hafrannsóknastofnunar, nr. 59, á Breiðdalsgrunni. Fyrsta mælingin fór fram kl. 12.38, og var skipið samkvæmt henni þá státt 1,2 sjómíliur innan marka svæðisins. Síðasta mælingin fór fram kl. 13.06, og var skipið samkvæmt henni þá státt rétt innan við mörkin, en sé reiknað með skekkju miðað við mælingu flugvélarinnar á Hvalbak, kveður skólastjórinn skipið þá hafa verið á markalínunni. Leitt er í ljós, að staðarákvörðun flugvélarinnar kl. 13.06 var nærri því hin sama og ákærði sjálfur gaf áhöfn flugvélarinnar þá upp um stað skips síns.

Samkvæmt framburði ákærða sigldi hann á tímabilinu frá kl. 12.38 til kl. 13.06 vestlæga stefnu. Var hann að toga á þessum tíma, en kl. 13.06 var hann að hífa vörpuna inn.

Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað í málinu, að

ákærði hafi umrætt sinn verið að botnvörpuveiðum innan marka ofangreinds svæðis og því gerst sekur um atferli það, sem hann er ákærður fyrir. Með þessu braut ákærði gegn ákvörðun Hafrannsóknastofnunar um skyndilokun nr. 59 frá 4. júlí 1988, 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum. Vísun í ákæru og hinum áfrýjaða dómi til 2. gr. laga nr. 118/1984 á hér ekki við.

Ákveða ber ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 1. tl. 17. gr. og 21. gr. laga nr. 81/1976. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngiltu 100 gullkrónur 3.608,09 krónum 10. þ.m., er mál þetta var dómtekið. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt í Landhelgissjóð Íslands, 280.000 krónur, og komi varðhald í 3 mánuði í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Með skírskotun til 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 verður krafa ákærða um frávísun á upptökukröfu að hluta ekki tekin til greina, og ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra togskipisins Eyvindar vopna, NS 70.

Staðfest er og ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sverrir Guðlaugsson, greiði 280.000 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 3 mánuði í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra togskipisins Eyvindar vopna, NS 70, og um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

### Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 1. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 28. ágúst sl., er höfðað með ákæruskjali, dags. 5. júlí 1988, gegn Sverri Guðlaugssyni skipstjóra, Lónabraut 36, Vopnafirði, fæddum 18. júlí 1934 í Reykjavík, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa laust eftir hádegi 4. júlí 1988 sem skipstjóri á togskipinu Eyvindi vopna, NS 70, skipaskrárnúmer 1629, sem er 178 brúttórúmllestir og 29,49 lengdar-metrar, verið á botnvörpuveiðum á skipinu í fiskveiðilandhelgi Íslands á skyndilokunarsvæði nr. 59 á Breiðdalsgrunni, þar sem bannaðar voru veiðar frá 4. júlí 1988 kl. 1.00 til sama tíma þann 11. júlí 1988.

Brot ákærða telst varða við auglýsingu Hafrannsóknastofnunarinnar um skyndilokun veiða á fyrrgreindu svæði frá 4. júlí 1988 og 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. tölul., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1984 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum.

Þær dómkröfur eru gerðar af hálfu ákærvaldsins, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til þess að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skipaður verjandi ákærða gerir þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu og sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun hans.

Til vara gerir hann þær dómkröfur, að refsing ákærða verði færð í lágmark og kröfum um eignaupptöku verði vísað frá dómi nema að því, er varðar aflahlut ákærða.

Ákærði, Sverrir Guðlaugsson, er fæddur 18. júlí 1934 í Reykjavík og telst sakhæfur. Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

1951 28/2 í Hafnarfirði. Sátt: 50 kr. sekt f. peningaspil.

1956 15/5 í Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt f. ölvun.

1958 4/12 í Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt f. ölvun.

1988 26/7 N.-Múlas., Seyðisfj. Dómur: 140.000 kr. sekt f. brot gegn 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. tl. 17. gr., laga nr. 81/1976.

1989 22/5 Dómur Hæstaréttar: Ofangreindur dómur sakadóms Seyðisfjarðar ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

#### *Málavextir eru þessir:*

Þann 4. júlí 1988 kl. 12.36 stóð gæsluflugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SYN, togskipið Eyvindi vopna, NS 70, skipaskrárnúmer 1629, að meintum ólöglegum veiðum á skyndilokunarsvæði nr. 59 suður af Hvalbak.

Í skýrslu Ómars Karlssonar, skipherra flugvélarinnar, segir:

„Hinn 4. júlí 1988 stóð gæsluflugvélin TF-SYN togskipið Eyvind vopna, NS 70 (skipasknr. 1629), að meintum ólöglegum togveiðum inni á skyndilokunarsvæði nr. 59 (sem tók gildi kl. 1.00 4. júlí 1988 og gildir í allt að eina viku) á Hvalbaksgrunni. Skipstjóri Sverrir Guðlaugsson, fæddur 18.7.1934, til heimilis að Lónabraut 36, Vopnafirði.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Mánudaginn 4. júlí er gæsluflugvélin TF-SYN á eftirlitsflugi úti fyrir SA-landi.

Kl. 12.38 var komið að togskipinu Eyvindi vopna, NS 70, þar sem það var að veiðum með botnvörpu. Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: 64 gráður 21'88 N og 13 gráður 22'55 V, sem gefur stað skipsins um 1,3 sjómíliur innan SV-marka skyndilokunarsvæðis nr. 59, og togaði skipið þá í V-læga stefnu.

Kl. 12.50 var flogið yfir Eyvind vopna á ný og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun: 64 gráður 21'75 N og 13 gráður 25'38 V, sem gefur skipið um 0,4 sjómíliur innan SV-marka áðurnefnds skyndilokunarsvæðis. Skipið hafði nú VNV-læga togstefnu. Var haft samband við skipið á VHF-rás 15 og skipstjóranum tilkynnt að hann væri á veiðum inni á skyndilokuðu svæði; kvaðst skipstjórinn telja sig vera á veiðum á línunni.

Kl. 13.06 var á ný flogið yfir Eyvind vopna og gerð staðarákvörðun: 64 gráður 21'83 N og 13 gráður 25'90 V, sem gefur stað skipsins um 0,2 sjómíliur innan SV-marka skyndilokunarinnar. Var þá skipið að hífa inn togvira sína. Við samanburð á stað þeim sem flugvélin tók og staðarákvörðun skipsins reyndist þeim bera saman.

Kl. 13.10 sást að Eyvindur vopni var búinn að hífa inn veiðarfærin.

Kl. 13.45 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir radarmerkinu á Hvalbak: 64 gráður 35'85 N og 13 gráður 15'95 V. Staður Hvalbaks samkvæmt Sjómannaalmanaki 1988 er 64 gráður 35'8 N og 13 gráður 16'6 V.

Kl. 13.55 voru skipstjóra togarans gefin fyrirmæli um að halda til Seyðisfjarðar þar sem mál hans yrði rannsakað nánar.

Staðarákvarðanir voru gerðar með tveimur LÓRAN-C-tækjum af gerðinni ONI-7000 af stýrimanni, flugstjóra og flugmanni ásamt undirrituðum.

Verður: ANA-5 léttskýjað og gott skyggni.

Meðfylgjandi er úrklippa úr sjókorti Nr. 71.“

Ómar Karlsson, skipherra á TF-SYN, hefur staðfest þessa skýrslu fyrir dómi.

Samkvæmt dómskjali nr. 2, telexskeyti frá Hafrannsóknastofnun til bæjarfógetans á Seyðisfirði, var ákvörðun um skyndilokun nr. 59, bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni, tekin kl. 0.20 aðfaranótt 4.7.1988.

Ákvörðunin var tilkynnt loftskeytastöðinni í Neskaupstað samstundis. Skyndilokunin tók síðan gildi kl. 1.00 sama dag.

Mörk svæðisins eru, sbr. bréf Hafrannsóknastofnunar til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 4.7.1988:

Lóran-C-punktur:

1. 49350-64460,
2. 49280-64400,
3. 49280-64350,
4. 49350-64400.

Aðspurður um framkvæmd staðarákvörðunar Eyvindar vopna, NS 70, þegar hann var staðinn að meintum ólöglegum veiðum, segir Ómar Karlsson, skipherra á TF-SYN, að flogið hafi verið yfir skipið og lóraninn frýstur og lesið af honum.

Bárður Ólafsson, stýrimaður á TF-SYN, mætir fyrir dóminn þann 5. júlí 1988. Aðspurður um framkvæmd staðarákvarðana segir mætti, að þær séu teknar með því, að flugvélinni sé flogið yfir skipið, sem verið er að mæla, og þegar flugstjórinn segi, að flugvélin sé yfir skipinu, frýsti aðstoðarflugmaðurinn og stýrimaðurinn lórantölurnar á lóranskjánnum og síðan séu tölurnar á báðum skjánum bornar saman og staðarákvarðanirnar settar út á kort. Mætti segir, að flugvélin TF-SYN hafi verið í 250 feta hæð yfir Eyvindi vopna, þegar staðarákvarðanirnar voru gerðar.

Sama dag mætir Tómas Helgason flugstjóri fyrir dóminn. Mætti segist hafa talið niður að skipinu og gefið merki, þegar flugvélin var yfir Eyvindi vopna, og þá hafi aðstoðarflugmaðurinn og stýrimaðurinn frýst lórantölurnar á skjánum. Aðspurður um hraða flugvélarinnar, þegar mælingar þessar voru gerðar, segir mætti, að flugvélin hafi verið á 180 hnúta hraða pr. klukkustund. Mætti segir, að venjulega, þegar svona staðarákvarðanir séu gerðar, sé flogið yfir stefni eða skut skipsins og þannig sé annaðhvort stefni eða skutur skipsins fyrir augum flugstjórans, þegar flugvélin er beint yfir skipinu.

Seinna sama dag mætir sem vitni fyrir dóminn Sigurjón Sverrisson aðstoðarflugmaður og er spurður um ástæðu þess, að 12 mínútur líða milli 1. og 2. staðarákvörðunar á Eyvindi vopna. Mætti segist ekki geta svarað því, svo öruggt sé, en hann telji, að mælingamennirnir hafi verið að glöggva sig á mælingunum.

Þá mætir ákærði, Sverrir Guðlaugsson, skipstjóri Eyvindar vopna, NS 70, fyrir dóminn. Ákærði segir, að Eyvindur vopni sé 178 brúttórúmlæstur og 29,49 metrar að mestu lengd samkvæmt mælibréfi.

Ákærði segir, að 4. júlí kl. 11.55 hafi verið kastað í Berufjarðarál á 104 faðma dýpi. Ákærði segir, að um kl. 12.50 hafi landhelgisgæsluflugvélin flogið yfir skipið. Ákærði segist þá strax hafa litið á lóran skipsins og talið

sig þá hafa verið alveg á línunni á lokunarsvæðinu. Ákærði segist því hafa haldið áfram að toga, þar til trollið festist í botni. Þegar trollið festist, hafi lóraninn sýnt 49318-64432,3.

Ákærði segir, að landhelgisgæsluflugvélin hafi flogið um 5 sinnum yfir skip hans, en segist ekki muna það alveg fyrir víst.

Ákærði segir, að togstefnan hjá Eyvindi vopna hafi verið 300 gráður rv. Ákærði segir, að flugvél Landhelgisgæslunnar hafi flogið í byrjun þvert á stefni skipsins, en í síðustu ferðinni, sem flogið hafi verið yfir skipið, hafi flugvélin verið í stefnu skipsins.

Ákærði segir, að Landhelgisgæslan hafi kallað í hann og beðið sig að gefa upp lórantölur sínar. Ákærði segist þá hafa gefið landhelgisflugvélinni upp lórantölnar, sem voru 49322-64434,2. Þegar ákærði gaf upp þessar lórantölur, segist hann telja sig hafa verið á mörkum skyndilokunarsvæðisins.

Aðspurður segist ákærði alltaf hafa talið sig vera fyrir utan eða á mörkum skyndilokunarsvæðisins. Ákærði telur, að hann hafi fest trollið nákvæmlega í línu skyndilokunarsvæðisins. Ákærði segist því ekki viðurkenna brot sitt og benda á augljósa skekkju í 1. staðarákvörðun Landhelgisgæslunnar vegna fjarlægðar milli 1. og 2. staðsetningarpunkts landhelgisgæslunnar og bendir á, að skipið geti ekki komist 1,2 sjómílu á 12 mínútum á togi, sem líða á milli athugana.

Aðspurður segir ákærði, að þarna á veiðum á sama svæði hafi togskipið Húnaröstin, ÁR 150, verið. Ákærði segir, að Húnaröstin sé með „vídeóplotter“, og þegar ákærði gefi Landhelgisgæslunni upp lórantölur sínar, hafi skipstjórinn á Húnaröstinni staðsett hann alveg á mörkum lokunarsvæðisins.

Ákærði kveðst vilja taka fram, að tímasetningar hans í framburði séu ekki nákvæmar, þar sem hann hafi ekki gáð svo á klukku.

Aðspurður segist ákærði vilja taka fram, að á meðan á þessu stóð, hafi verið norðurfall.

Ákærði vill taka fram, að þegar hann festi trollið, hafi hann verið á 82 faðma dýpi. Ákærði segist telja, að það ætti að vera um 78 faðmar, ef skipið hefði verið innan skyndilokunarsvæðisins.

Ákærði segir, að þegar trollið festist, hafi verið ákveðið að skipta um veiðisvæði og hann dregið inn trollið. Ákærði segir, að eftir að búið hafi verið að draga trollið inn, hafi stefnan verið tekin inn á skyndilokunarsvæðið og stefnan sett á mið norðan við svokallað reglugerðarhólf. Ákærði kveðst hafa heyrt í fréttum Ríkisútvarpsins, að skipstjórar á sama veiðisvæði teldu ákærða hafa verið fyrir utan skyndilokunarsvæðið. Ákærði segir, að einhver stund hafi liðið, frá því að stefnan var tekin inn á skyndilokunarsvæðið, þangað til Landhelgisgæslan sneri honum til Seyðisfjarðar.

Þá mætir sem vitni í réttinn Jóhann Björgvin Sigurgeirsson stýrimaður,

53 ára, Vallholti 13, Vopnafirði. Vitnið segist hafa komið upp í brú Eyvindarar vopna, þegar hann heyrði flugvél Landhelgisgæslunnar koma yfir skipið í þriðja skiptið. Vitnið segist hins vegar hafa verið á vakt í brúnni, þegar kastað var. Vitnið er spurt að því, hvar skipið hafi verið statt, þegar trollinu var kastað. Vitnið telur, að skipið hafi verið staðsett ca. 49345-64470,70 til 75 nær reglugerðarhólfinu en skyndilokunarsvæðinu. Vitnið segir, að kastað hafi verið í norður 360 gráður. Vitnið segir dýpi hafa verið ca. 105-110 fadmar. Vitnið segir, að kastað hafi verið um kl. 11.30. Vitnið segist fljótlega hafa farið úr brúnni, eftir að búið var að kasta trollinu.

Vitnið segir, að skipið Eyvindur vopni sé með tvo lórana um borð. Vitnið segist hafa verið viðstatt, þegar skipstjórinn gaf upp lórantölur sínar til Landhelgisgæslunnar, og þá segir vitnið, að báðum lórönnum skipsins hafi borið saman um stöðuna. Vitnið segir, að þá hafi lórantölnar verið 49322-64434, að því er það telur sig muna. Vitnið segir, að samkvæmt því hafi skipið ekki verið staðsett innan skyndilokunarsvæðisins.

Vitnið segir, að auk skipstjórans hafi vélstjórinn, Gisli Gunnarsson, verið í brúnni, þegar það kom þangað, en hann hafi verið farinn út á dekk að hifa trollið, þegar staðarákvörðunin var gefin. Aðspurð segir vitnið, að flugvél Landhelgisgæslunnar hafi flogið yfir skipið 6 eða 7 sinnum, en telur sig ekki vera alveg viss um það.

Þann 6. júlí 1988 var þess farið á leit við sýslumann Árnassýslu, að tekin yrði vitnaskýrsla fyrir dómi af Hákonni Magnússyni, skipstjóra ms. Húnarastarinnar, ÁR 150.

Þann 8. júlí 1988 mætir hann fyrir dóminn. Aðspurður kveðst vitnið hafa verið að veiðum rétt suðvestan við skyndilokunarsvæðið mánudaginn 4. júlí 1988 og Eyvindur vopni, NS 70, hafi verið að veiðum á sömu slóðum.

Vitnið kveðst hafa veitt flugvél Landhelgisgæslunnar athygli, þar sem henni hafi verið flogið yfir Eyvind vopna, sem þá hafi verið ca. 1/2 sjómílu á eftir Húnaröstinni. Þegar Landhelgisgæsluflugvélinni hafi verið flogið yfir skipin, kveðst vitnið hafa hugað betur að staðsetningu skips síns, og hafi mælitæki þess sýnt, að það væri fyrir utan hið umrædda skyndilokunarsvæði. Á meðan Landhelgisgæslan hafi gert sínar mælingar, hafi Eyvindur vopni verið svo til beint fyrir aftan Húnaröstina með sömu stefnu, þ.e. norðvestlæga.

Vitnið telur útilokað, miðað við þær tölur, sem mælitæki Húnarastarinnar hafi sýnt í umrætt sinn, að Eyvindur vopni hafi verið innan skyndilokunarsvæðisins. Eyvindur vopni hafi siglt svo til beint á eftir Húnaröstinni og öllum mælitækjum Húnarastarinnar þá borið saman um það, að skipið væri utan við hið lokaða svæði.

Þann 5.7.88 voru tilnefndir tveir matsmenn til að meta til peningaverðs afla og veiðarfæri mb. Eyvindar vopna, NS 70, úr umræddri veiðiferð.

Mat á afla var að heildarverðmæti kr. 1.064.063,00 og mat á veiðarfærum, þ.m.t. dragstrengjum, var kr. 256.573,00.

Hinn 26. júlí 1988 gekk dómur í máli þessu í sakadómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, þar sem ákærði var sakfelldur. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar hinn 22. maí 1989 var málsmeðferðin ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Í Hæstarétti og við málsmeðferðina hafa verið lögð fram ný gögn. Hinn 23. febrúar 1989 gaf Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, álitserð í máli þessu, þar sem segir:

„Efni: *Hæstaréttarmálið nr. 331/1988:*

Ákærvaldið gegn Sverri Guðlaugssyni.

Fylgiskjöl: 1. Sjókort nr. 71, lórankort, mælikvarði 1:300.000, útg. 1980 (A og B).

2. Útreikningar Commodore-tölvu Sjómælinga Íslands á lórantölum Eyvindar vopna, NS 70.

Tilvísun: Dómskjöl A-D.

Að beiðni yðar, hr. vararíkissaksóknari, hefi ég farið yfir staðsetningar í nefndu máli og sett sérstaklega út í sjókort nr. 71 eftirfarandi:

1. Skyndilokun Hafrannsóknastofnunar nr. 59 dags. 4. júlí 1988, sbr. dómskjál nr. III.
2. Staðarákvarðanir gæsluflugvélarinnar TF-SYN hinn 4. júlí 1988, sem fengnar voru upp með breidd og lengd:
  - I. Kl. 12.38,
  - II. — 12.50,
  - III. — 13.06.
3. Lórantölur togskipsins Eyvindar vopna, NS 70:
  - a. Þegar TF-SYN kallaði í skipstjórnann og bað hann að gefa upp lórantölur. Skv. dómskjali nr. V var þetta kl. 13.06 eftir vitnisburði skipherrans á TF-SYN í sakadómi Seyðisfjarðarkaupstaðar hinn 5. júlí 1988.
  - b. Lórantölur Eyvindar vopna NS 70, þegar varpan festist í botni, bæði skv. framburði skipstjórnans við yfirheyrslu í Sakadómi Seyðisfjarðarkaupstaðar 5. júlí 1988 og stýrimannsins, hvort tveggja skv. dómskjali nr. V bls. 10 og 12.

Eftirfarandi eru niðurstöður athugana minna:

1. Skyndilokun nr. 59 er rétt sett út í sjókort nr. 71, en ég setti hólfíð út skv. upplýsingum um breidd og lengd hornpunkta, sem ég tel réttari viðmiðun en lórantölur á dómskjali nr. III. Réttast væri að gefa upp hvort tveggja og þar eð ekki er tekið fram í hvaða lórankeðju tölurnar eru, er þetta ónákvæmt. Upplýsingar um breidd og lengd á hornpunktum hólfins fengust á Sjómælingum Íslands og eru eftirfarandi:

1. 64 gráður 19'40" N-brd. 13 gráður 21'36" V-lgd.
  2. 64 gráður 24'18" N-brd. 13 gráður 31'32" V-lgd.
  3. 64 gráður 30'43" N-brd. 13 gráður 25'37" V-lgd.
  4. 64 gráður 27'13" N-brd. 13 gráður 14'20" V-lgd.
2. Staðarákvarðanir TF-SYN hinn 4. júlí 1988 eru rétt settar út í sjókortið og eru allar innan marka hins lokaða hólfs. Staður I kl. 12.38 er 1,2 sjómíliur innan marka hólfsins.
3. Lórantölur sem togskipið Eyvindur vopni, NS 70, gefur upp, reyndust við útsetningu í sjókort nr. 71 vera innan hólfs skyndilokunar nr. 59, eða á stað 64 gráður 21'9" N-brd. og 13 gráður 25'7" V-lgd. og 64 gráður 21,6 N-brd. og 13 gráður 25,3 V-lgd. Sömu lórantölum var með Commodore-tölvu Sjómælinga Íslands breytt í breidd og lengd og reyndist sá staður hinn sami og við útsetningu í lórankortið. Ef reiknað er með 6/10 úr lengdarmínútu skekkju á lórantæki TF-SYN, en með samanburði á aflestri yfir ratsjármerki á Hvalbak kl. 13.45 gaf tækið upp lengd 0,65 austar en staður merkisins er skv. Sjómannaalmanaki, er staður togskipsins kl. 13.06 nákvæmlega á línu lokunarsvæðis nr. 59.

Staðir togskipsins eru nærri því hinir sömu og TF-SYN gaf upp kl. 1306, enda bar mælingum skipsins og flugvélarinnar saman skv. framburði skipherrans, sbr. dómskjal nr. V bls. 8. Eyvindur vopni er þá að hifa vörpuna eftir að hafa togað á vestlægri stefnu út úr hólfinu, móti vesturmörkum þess.

Skv. útsetningum milli staðar I kl. 1238 og staðar II kl. 1250 er réttvísandi stefna Eyvindar vopna 264 gráður, en skipstjóri segir togstefnuna hafa verið 300 gráður rv. við yfirheyrslu skv. dómskjali nr. 5, bls. 10. Hvort tveggja eru vestlægar stefnur.

Frá stað I kl. 1238 að stað II og III kl. 1250 og 1306 eru 1,1 til 1,2 sjómíliur, og eru þeir staðir eins og áður segir innan hólfsins, en þétt við suðvesturmörk þess og síðari staðurinn á markalínu, ef reiknað er með 6/10 úr skekkju á lengdartölum lóransins.

Toghraði er skv. þessum staðsetningum 5-6 sjómíliur/klst.

Skipstjóri mótmælir þessu, sbr. dómskjal nr. V, bls. 10.

Þrátt fyrir athugasemdir skipstjóra og hugsanlegar skekkjur á lóranútsetningum tel ég óyggjandi að togskipið Eyvindur vopni, NS 70, hafi við fyrstu staðarákvörðun TF-SYN kl. 1238 hinn 4. júlí 1988 verið innan lokunarsvæðis nr. 59. Enginn ágreiningur er um, að skipið var þá að veiðum með vörpuna í botni á vestlægri togstefnu, en 28 mínútum síðar kl. 1306, er skipið við vesturmörk hólfsins, þétt við markalínu.

Ekki er ágreiningur um þær lórantölur, sem skipstjórinn gaf sjálfur upp. Stýrimaður staðfestir þær tölur og enn fremur, að báðum lórönnum skipsins

bar saman (dómskj. nr. V, bls. 11). Lóraninn hefur því verið stöðugur, og TF-SYN sannreynði að hann gaf sömu staðarákvörðun með samanburði við Hvalbak, ekki aðeins í eitt skipti kl. 1345, skv. skýrslu skipherrans, heldur þrisvar til fjórum sinnum skv. vitnisburði hans hinn 5. júlí í Saka-dómi Seyðisfjarðarkaupstaðar.“

Hinn 28. ágúst sl. kom Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri Stýri-mannaskólans, fyrir sakadóm Seyðisfjarðar, staðfesti skýrslu sína og bar vitni.

#### *Niðurstaða.*

Samkvæmt þeim útsetningum á sjókortum sem liggja fyrir réttinum og gerðar eru eftir staðsetningu, sem ákærði gefur upp til landhelgisgæslu-flugvélarinnar og tilgreinir bæði í dagbók skipsins og fyrir dómi þann 5. júlí 1988, er í ljós leitt, að staðsetning skipsins hefur þá verið 64 gráður 21'80 N og 13 gráður 25'25 V. Þessi staðsetning, sem einnig kemur fram í framburði Jóhanns Björgvins Sigurgeirssonar, stýrimanns á Eyvindi vopna, er um það bil 0,25 sjómíliur innan marka skyndilokunarsvæðisins. Ekki er deilt um, að togskipið var að botnvörpuveiðum, þegar þetta gerðist.

Það er niðurstaða dómsins, að fyrsta staðsetning, sem TF-SYN gerði á togskipinu Eyvindi vopna, þar sem staður skipsins innan svæðisins er talinn vera 64 gráður 21'88 N og 13 gráður 22'55 V, geti varla staðist miðað við vegalengd milli lóranmælingapunkta nr. I og nr. II.

Að þessari niðurstöðu var komist, þar sem fram kemur í skýrslu skip-herra á gæsluflugvélinni TF-SYN, að það líða 12 mínútur milli fyrstu og annarrar staðarákvörðunar Eyvindar vopna. Milli þessara tveggja staða, sem skipið mælist á, eru um 1,2 sjómíliur. Dómurinn telur, að ekki hafi verið sýnt fram á, hvernig skip af þessari stærð og gerð, geti komist þessa vegalengd með troll úti á þessum stutta tíma. Til þess að komast þessa vega-lengd á þessum tíma yrði skipið að draga 6 mílur á klukkustund, sem dóm-endur telja hæpið við þessar aðstæður, en þó geti ýmis atvik valdið því, að þetta sé mögulegt.

Með hliðsjón af staðarákvörðunum landhelgisgæsluflugvélarinnar TF-SYN á Eyvindi vopna, NS 70, sem gerð var 4. júlí 1988 kl. 12.50 og gaf staðsetninguna 64 gráður 21'75 N og 13 gráður 25'38 V, og kl. 13.06, sem gaf stað skipsins 64 gráður 21'83 N og 13 gráður 25'90 V, öðrum gögn-um málsins, þá sérstaklega þeirri staðarákvörðun, sem ákærði gefur sjálfur upp fyrir dómi og ber saman við staðarákvörðun Landhelgisgæslu kl. 12.50 og dagbók skipsins greinir og er 64 gráður 21'80 N og 13 gráður 25'25 V og gefur stað skipsins 0,25 sjómíliur innan SV-marka skyndilokunar-svæðis nr. 59, og með hliðsjón af togstefnu skipsins verður að telja sannað, að ákærði gerðist sekur um fiskveiðibrot með því að hafa laust eftir hádegi

4. júlí 1988 sem skipstjóri á togskipinu Eyvindi vopna, NS 70, verið að botnvörpuveiðum á skipinu í fiskveiðilandhelgi Íslands á umræddu skyndilokunarsvæði.

Brot ákærða þykja rétt tilgreind í ákæru.

Togskipið Eyvindur vopni, NS 70, er 177,58 brúttórúmllestir og 29,49 lengdarmetrar.

Samkvæmt simskeyti Seðlabanka Íslands 28. ágúst 1989 er gullgengi íslensku krónunnar þannig, að 100 gullkrónur jafngilda kr. 3.452,31 — þrjú þúsund fjögur hundruð fimmtíu og tveimur 31/100.

Þykir refsing ákærða samkvæmt 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. tölul., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1984 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 22/1948 og lög nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum, allt sbr. auglýsingu Hafrannsóknastofnunar um skyndilokun veiða, nr. 59, á Breiðdalsgrunni frá 4. júlí 1988, hæfilega ákveðin kr. 176.600 í sekt til landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 2 mánuði og 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt skýrum ákvæðum 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81 frá 1976 skulu afli og veiðarfæri ásamt dragstrengjum mb. Eyvindar vopna, NS 70, gerð upptæk, og renni andvirðið í landhelgissjóð Íslands.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hrl., kr. 50.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sverrir Guðlaugsson, greiði kr. 176.000 í sekt í landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald í 2 mánuði og 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri ásamt dragstrengjum mb. Eyvindar vopna, NS 70, skulu gerð upptæk, og rennur andvirði í landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hrl., kr. 50.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000.

Dómsorðið var lesið upp í réttinum að dómþola fjarstöddum.